

Ársfundur Vorsteh deildar 05.03.2025

Fundur haldin í húsnæði HRFÍ Melabraut Hafnafirði

Fundur settur kl 18:15 af formanni deildarinnar, Friðriki Þór Hjartarsyni.

Formaður stingur upp á að Kjartan Antonson verði kjörin fundastjóri. Engin annar bauð sig fram og var Kjartan því sjálfkjörin. Kjartan þakkar traustið og leggur til að Eydís Gréta Guðbrandsdóttir verði ritari fundarins. Engin annar bauð sig fram og Gréta því einnig sjálfkjörin. Lögmæti fundar var kannað og engin mótmælti lögmæti hans.

Friðrik formaður les ársskýrslu þar sem farið yfir störf og viðburði deildarinnar og í framhaldi voru umræður um skýrsluna. Var stjórn bent á að láðst hafði að taka fram að heiðra ætti stigahæsta hund í KF. Var því kippt í liðinn á staðnum sem var auðvelt þar sem aðeins einn hundur kom til greina, Arkenstone Með Allt á Hreinu.

Einnig urðu þau mistök að heiðra ætti stigahæsta hund á sýningum á árinu 2024. Stjórn hafði tekið saman stigin og ætlunin var að heiðra Zeldu CNF Eld. Þá var réttilega bent á að hundar hafa ekki séstaklega verið heiðraðir fyrir sýningar svo sá miskilningur var lagaður á staðnum. Stjórn harmar mistökin og biður eigendur Elds afsökunar á mistökunum.

Næst á dagskrá var að fara yfir fjárhagsstöðu deildarinnar, styrki, útgjöld og stöðuna í dag sem er kr.439.629 í plús.

Stjórn var bent á að það tíðkaðist að hafa sér lið um skot og verður það tekið til skoðunar.

Stórn vill þakka styrktaraðilum fyrir góðan stuðning. Án þeirra gæti deildin ekki staðið fyrir öllum þeim viðburðum og uppákomum þetta væri ekki gerlegt nema fyrir þeirra góða stuðning.

Því næst tilkynnir fundastjóri að komið sé að kosningu í stjórn. Kjósa átti um tvö laus sæti .

Þeir sem úr stjórn fóru eru Hannes Blöndal, og Brynjar Sigurðarson. Sigrún Guðmundsdóttir og Jón Valdimarsson buðu sig fram í stórn til 2.ára. Engin mótframboð bárust og voru þau því sjálfkjörin.

Arnar Már segir sig úr stjórn vegna persónulegra ástæðna. Það var því ljóst að kjósa þyrfti um 1 sæti til eins árs.

Eydís Gréta Guðbrandsdóttir bauð sig fram í stjórn til 1.árs. Engin mótframboð bárust og var hún því einnig sjálfkjörin.

Stjórn þakkar þeim kærlega fyrir samstarfi og vel unnin störf fyrir deildina.

Önnur mál.

Mikið var talað um stigagjöf til stigahæstu hunda deildarinnar í hverjum flokki. Meðal annars sú skoðun að þetta ætti að vera þríþætt. Þ.e.a.s besti hundur í heiðarprófum, besti hundur í meginlandsprófum og besti hundur á sýningum HRFI sem myndi einfalda mikið.

Einnig sú regla hvernig stig eru flutt á milli ára í meginlandsprófum. Sú skoðun kom einnig fram að flækjustig stigagjafar væri orðin of flókin og mikið verk að halda utan um.

Allt of oft kæmi það fyrir að villur koma upp við samantekt og þeir aðilar sem bera ábyrgð á því taka mikið inn á sig.

Það vilja jú allir og þá sérstaklega þeir sem taka að sér samantektina að hún sé rétt.

Almennt rætt um stigagjöfina og ákveðið að vísa því til nýrrar stjórnar.

Ábending um að bæta við að umræða um myndir í header á Facebook síðu mætti vera skemmtilegri eins og t.d myndir frá eitthverju starfi, fallegum hundum og þess háttar.

Umræða um sjúkdóma en engin lending var með það.

Spurt var fyrir hvað stendur Vorsteh deild sem var mjög góð spurning sem formaður og fundarstjóri svöruðu.

Vorsteh deild er til þess að halda vörð um ræktunarstefnu Vorsteh hunda. Að ræktað sé eftir standard bæði hvað útlit og eiginleika varðaði og standa vörð um heilbrigði og geðslag tegundarinnar.

Einnig kom upp gagnrýni á stjórn deildarinnar og sagði einn fundargestur að stjórn hefði hreinlega staðið sig illa síðasta starfsárið. Sú gagnrýni snérist aðallega að upplýsingagjöf til meðlima deildarinnar. Að mikil leynd virtist

stundum hvíla yfir ákveðnum málum, hvaða dómara dæmdu hvaða próf, engar fundargerðir frá stjórnafundum væri að finna á netinu, hvorki á facebook síðu né heimasíðu deildarinnar sem nota ætti miklu meira. Það hefði varla verið sett færsla þar inn síðasta árið. Síðasta færsla hefði verið sett inn í júní 2024.

Formaður svaraði því til að ekki hafi verið orðið öruggt með dómara fyrr en stuttu fyrir prófið en ákveðið var að fá dómara erlendis með stuttum fyrirvara. Auk þess hafa heyrst sögusagnir um að einhverjir þátttakendur í prófum hefðu sett sig í samband við dómara sem búið væri að kynna og ættu eftir að koma að dæma sem er óheppilegt.

Þá kom fram sú skoðun að þeir dómara sem hingað kæmu væri fullkomlega treystandi og þeir fullfærir um að láta ekki aðra hafa áhrif á sína faglegu dóma, hvort sem einhver hefði sett sig í samband við þá eða ekki.

Hafrún svaraði fyrir litla virkni á heimsíðunni og höfðu allir skilning á því.

Svo kom fram sú skoðun að setja ætti öll úrslit frá prófum sem aðrar grúbbu 7 deildir standa fyrir inn á heimasíðuna sem og viðburði annara deilda. Það kom líka fram sú skoðun að stjórn hefði staðið sig mjög vel þó það meigi alltaf gera betur eins og í nánast öllu. Það væri svo auðvelt að sitja til hliðar og benda á þennan eða hinn sem ekki væri að standa sig á meðan viðkomandi gæfi aldrei kost á sér til að aðstoða stjórn og deildina.

Sem dæmi ef allir sem hér væru mættir kæmu til aðstoðar og tækju þátt í deildarstörfum þá væri þetta ekki mikið mál.

Þá kom fram sú skoðun hvort ekki væri hægt að ákveða að haldnir yrðu 2. deildarfundir á starfsárinu. Það gæti verið góð leið til að efla starfið, ná betur til eigenda Vorsteh hunda og þá sérstaklega nýliða. Einnig til að fá hugmyndir og umræður um hvað fólk vill sjá að deildin beiti sér fyrir með hagsmuni Vorsteh hunda í fyrirrúmi.

Fundargestir tóku mjög vel í þá hugmynd sem vísað var til stjórnar.

Fundur tók vel í að skoða ætti að stigahæsti Vorsteh hundurinn á sýningum HRFI yrði heiðraður árlega frá og með þessu ári 2025.

Stjórn skoðar málið og það verður til umræðu nýrra stjórna og meðlimi deildarinnar.

Heiðrun stigahæstu hunda.

Stigahæsti hundur í UF:

Heiðnabergs Haki eigandi : Jón Garðar Þórarinsson

og Heiðnaberg Milla eigandi : Pétur Alan Guðmundsson

Stigahæsti hundur í OF:

Arkenstone Með Allt á Hreinu eigandi: Hilda Björk Friðriksdóttir og Jón Valdimarsson.

Stigahæsti hundur KF:

Arkenstone Með Allt á Hreinu eigandi:

Hilda Björk Friðriksdóttir og Jón Valdimarsson.

Stigahæsti hundur deildarinnar:

Arkenstone Með Allt á Hreinu eigandi: Hilda Björk Friðriksdóttir og Jón Valdimarsson.

Óskar stjórn deildarinnar þeim til hamingju með frábæran árangur.

Fundi slitið kl.20.15

19 manns mættu á fundinn og var skráður mættingarlisti.

Ritari fundar

Eydís Gréta Guðbrandsdóttir